

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs

Dags: 5. desember 2022

Málsnúmer: 202212062/-

Starfsmenn: Linda Udengaard framkvæmdstjóri fræðslu- og frístundasviðs og Gunnhildur María Sæmundsdóttir leikskólafulltrúi

Tillaga:

Lagt er til við bæjarráð að leikskólastjórum verði heimilt að bjóða þeim foreldrum sem taka leyfi fyrir börn sín milli jóla- og nýárs að fella niður dagvistunargjöld frá 27.12-30.12.

Greinargerð:

Í gegnum tíðina hefur þörf foreldra fyrir leikskólavistun í kringum jól- og áramót verið aðeins minni en á öðrum tímum ársins. Með því að fella niður leikskólagjöld gæti það orðið hvati til þess að foreldrar taki jólaleyfi fyrir börnin sín. Leikskólastjórum gefst þá tækifæri til að skipuleggja orlofsdaga fyrir starfsfólk en orlofsréttur hvers og eins eru 30 dagar. Þeir dagar falla ekki allir á sumartímann og því er mikilvægt að búa þannig um hnútana að starfsemi leikskólans greiði fyrir orlofi á öðrum tímum ársins. Nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa farið þessa leið.

Rétt er að ítreka að hér er ekki verið að leggja það til að leikskólinn verði almennt lokaður á þessum tíma, heldur einungis verið að gefa þeim foreldrum sem þess kjósa möguleika á að vistunargjald þeirra verði fellt niður þegar barn þess er í fríi.

Áætlaður kostnaður er kr. 1.978.835 miða við að 50% foreldra nýti þennan möguleika. Líklegt er að á móti komi til sparnaður sem felst í afleysingu á orlofsdögum.

Virðingarfyllt,
Linda Udengaard,
framkvæmdstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Gunnhildur María Sæmundsdóttir,
leikskólafulltrúi